


Lífgeislur

Tímarit um lífssambönd við aðrar stjörnur

22. tbl. Júní 1979



Tala má um lífafsvæði, og á slíku aflsvæði geta furðulægir atburðir gerst. Í þá átt er að leita skýringarinnar á kraftaverkunum.

Helgi Pjeturss

Norður-Ameríkubokan

(Sjá forsíðumynd)

Þegar svipast er um í geimnum með sterkum sjónauka, má víða sjá þokur miklar af gasi gerðar og geimryki. Skyggja þær á stjörnur, sem á bak við þær eru. Margar af þokum þessum taka á sig hinar furðulegustu myndir, þannig að þær hafa líkingu af ýmsu því, er menn þekkja hér á jörð, og hafa því hlotið nafngiftir í samræmi við það. Má í því sambandi nefna *Hesthausinn* í Orionsstjörnumerki, *Kalasekkinn* í Svaninum og hringþokuna í stjörnumerkinu Harpan (Lyra).

Enn er athyglisverð geimþoka í Svaninum, og ber hún nafnið Norður-Ameríkubokan, vegna þess að hún líkist mjög landsuppdrætti af þeirri heimsálfu. Nær þoka þessi um allvíðáttumikið geimsvæði og er uppljómuð af sterku skini hinnar miklu sólar Deneb, sem er í nágrenni hennar. Deneb er ein bjartasta stjarna sem þekkest á okkar geimsvæði, enda er ljósmagn hennar um 60.000 sinum meira en ljósmagn okkar sólar. Deneb er um 1500 ljósár frá okkar sólhverfi, og er þó ein af björtustu stjörnum héðan að sjá.

Ingvor Agnarsson.

Myndin á forsíðu sýnir Norður-Ameríkubokuna og er fengin úr Astronomi eftir Agvald Gjelsvik.

Erindi og greinar

RAUNVERULEGIR SVIPIR

I.

Eins og ég fyrr hefi sagt, þá virðist mér samkvæmt frásögum sjónarvotta. að móða eða lýsandi þoka sé jafnan fyrsti vísir til framkomu líkamnings eða raunverulegs svíps, eins og ég nefni þetta hér, og þykir mér sem marka megí af þessu, að ekki hafi verið sambandssýn. Framkomu líkamnings er að vísu hugsanlegt að maður sjái í draumi og þá að sjálfsögðu sem fjarskynjan, en fjarskynjan mun jafnan mega þekkja af ósamkvæmni hennar við umhverfi sjáandans. Kemur þetta um ljóspökuna fram í frásögu Helga Pjeturss af því, þegar guðirnir birtust honum, og eins þegar Goethe og Descartes birtust honum síðar. Er ekki um að villast, að þar hefir átt sér stað framkoma líkamninga eða raunverulegra svípa, og styðst það ekki sízt við þá „ógurlegu brekraun“, sem Helga fannst að verið væri að vinna áður eða um leið og guðirnir komu fram. Er ákaflega vel skiljanlegt, að mikið hafi þeir guðir þurft á sig að leggja til þess að koma hér fram, og kynnu þó í því efni að hafa verið síðust forvöð til þess að slíkt gæti átt sér stað. Eftir styrjöldina 1914 til '18 og þó ennþá fremur eftir hina síðari þykir mér líklegt, að skilyrði til slíks hafi verið mun verri, enda virðist það hafa verið með öðrum hætti, sem K. O. Schmidt öðlaðist sitt guðasamband. En auk þessara einkenna raunverulega svípa, að byrja og enda sem ljóspoka eða eitthvað slíkt, þá kemur þar fleira til greina, og ætla ég nú að taka hér upp nokkra kafla úr bókinni „Út yfir gróf og dauða“, en þeirrar bókar hefi ég áður getið vegna staðfestinga á sumum skilningsatriðum mínum, sem ég þar hefi fundið.

Á bls. 278 til 281 stendur þetta:

„Í fyrsta skipti, þegar vart varð við þetta, vaknaði konan mín við það, að henni fannst vera nístandi kuldi inni í herberginu og að ískaldan andblæ legði á vanga henni. Hún leit við, settist upp og sá þá sér til mikillar undrunar, hvar hvítur, lýsandi skýstólpi stóð við fótagaflinn mín megin, og náði stólpinn alveg upp undir loft. Hún starði á þetta steinilostin mínútu eða lengur. Hún fann alltaf kaldan andblæ leggja til sín. Hún tók eftir því, að ljósið lýsti svo á ábreiðuna, að hún gat auðveldlega greint rósirnar á henni og séð bæði yfir á þvottaborðið og spegilinn. En svo varð hún hrædd og breiddi fötin yfir höfuð.“

„Í annað skipti vaknaði ég við það, að konan mín ýtti við mér . . . Hún hafði þá séð bjart, hnöttótt ljós við fótagaflinn rétt við fætur mér . . . Í fyrstu hafði það verið á stærð við gullepli, en farið svo vaxandi uns það var orðið á stærð við fullorðinn mann . . . Hún hafði reynt að kalla til mín, en gat það ekki. Ég svaf sætt og vært og andaði þungt, meðan súlan stóð rétt við fætur mína og að nokkru ofan á rúminu, að því er virtist. En að lokum varð konan mín svo hrædd, að hún þorði ekki annað en að ýta rösklega við mér. Ljósið fór sívaxandi þangað til ég kallaði upp (vaknaði), og þá fullyrðir hún, að það hafi hnigið niður í einkennilegar fellingar líkast því, þegar harmonikkubelg er ýtt saman.“

„Í þriðja skiptið vakti konan mín mig eins og áður. Og þegar ég spurði, hvað væri um að vera, hvíslaði hún ofurlágt: „Hérna er það.“ Ég reis upp í sömu andránni, og sá þá undurfagurt ljósský við fótagaflinn. Það var rétt hjá mér. Og meðan ég horfði á það, steig það hægt upp eins og ofurlítill loftbelgur og virtist fara beint upp gegnum loftið.“

Það er ekki um að villast, að þarna hefir ekki verið um draum að ræða eða sambandssýn, heldur vísi til líkamsmyndunar eða raunverulegs svips. Þykir mér í því sambandi mjög eftirtektarverður hinn nístandi kuldi, sem konunni fannst vera í herberginu. Bendir það til þess, að fyrirbærið hafi dregið magn frá henni eins og líka það, að hún í annað skiptið gat ekki kallað. Enn meira verður þó að ætla, að maðurinn hafi þarna lagt til af sinni lífsorku, en líklega þó meira sem farvegur magns, og bendir til þess, að ljóspokan stóð upp af rúminu þeim megin sem hann lá. Enn meira bendir þó til þessa, að fyrirbærin skyldu ævinlega hverfa um leið og hann vaknaði og að hann, meðan þau stóðu yfir, svaf ævinlega fast og dró andann þungt. — Í síðasta skiptið sá hann að vísu hina hverfandi þokuslæðu, en einmitt þá, áður en hann vaknaði,

hafði líkömnunin loks tekist nokkurnveginn. Sá konan þá mann dökklæddan, rólegan, og alvarlegan, standa við fótagaflinn. Lýsti af honum eins og þokusúlunni áður. En í sama bíli og maður konunnar vaknaði, hneig svipurinn saman og leystist sundur í ljósský, höfuðið fyrst og svo bolurinn, og var ljósskýið hið eina, sem eiginmaðurinn sá.

II.

Í bókinni „Miðlar og merkileg fyrirbæri“, sem svo heitir í þýðingu Sveins prests Víkings, eru líkamningar sagðir vera ekki óraunverulegri en það, að þeir séu, svo lengi sem þeir vara, gerðir af holdi og blóði eins og venjulegir lifandi menn. Segir þar, að hjarta þeirra slái, vöðvar, æðar og taugar séu þar fyrir hendi, og þá vafalaust öndun og önnur lífstarfsemi, og er þetta góður stuðningur við hinn nýalska framlífsskilning. Og samkvæmt því, sem einnig segir í bók þessari, þá á sér hjá þeim stað skvynjan og vitundarstarf, og skal hér nú segja frá dæmi um það, að svipur hafi sannað það að nokkru. Minnir þetta dæmi að nokkru leyti á það, þegar svipur lifandi manns skrifaði orðin, „stýrðu í norð-vestur“, og biargaði með því sjálfum sér og annarri áhöfn nauðstaddir skipshafnar. Gat þar að vísu ekki hafa verið um einan saman eiginrammleik hans að ræða, heldur einnig einhverra, sem betur voru vitandi og megandi, og þykir mér nú sem einnig muni svo hafa verið varðandi það, sem hér ræðir um. Tek ég þetta dæmi upp úr áður nefndri bók, „Út yfir gröf og dauða“, bls. 285 til 287, og er það á þessa leið:

„Ég fór snemma í rúmið til þess að þurfa ekki að vera innan um vinnufólkið, en margt af því var ástúðlegt og vildi votta mér hluttekningu sína í harmi mínum,“ segir stúlka, sem nýlega hafði þá misst ástríkan föður sinn. „Eftir beiðni minni fékk ég að sofa í herbergi með elskulegri konu, sem ég hér nefni fóstru. Tvö rúm voru í herberginu og bíl á milli þeirra. Rúmið, sem ég var í, var nokkru minna. Fóstran sofnaði von bráðar og dró andann þungt, en ég bjáðist af hugarkvöl. Ég harmaði ekki einungis missi föður míns, heldur kvaldist ég af ótta fyrir því, að hann hafði dáið of snögglega til þess að geta fengið frið í guði, því að hann hafði haft megnar efasemdir, sem höfðu verið honum áhyggjuefni. Þegar leið á nóttina, magnaðist hugarkvöl mín, og að lokum kraup ég niður og fór að biðja til guðs. Ég bað þess innilega, að þessar sorglegu hugsanir hyrfu frá mér og að hinn heilagi andi veitti

mér fullvissu um, að faðir minn hefði fundið frið í honum. Mér fannst þó ekki ég finna neina huggun undir eins, og það var komið framundir dag, er ég stóð upp frá bæninni og mér fannst ég verða að bíða eftir svári.“

„En þá allt í einu greip mig löngun til að fara upp í rúmið til fóstrunnar, sem var svo góðleg. Ég hélt að mér mundi ekki finnast ég eins einmana hjá henni. Rúmið var á móti glugga, og fyrir hann var dregið hvítt gluggatjald. Um leið og ég var að fara ofanundir og færa fætuna upp í rúmið, tók ég eftir því, að daufan bjarma af dagrenningu fór að leggja inn um gluggann, og smáfugl, sem sat fyrir utan gluggakarminn, en í sjálfu herberginu var nær niðarmyrkur. Ég var að breiða ofan á mig ofur rólega, þegar ég allt í einu sá undurfagurt ljós þeim megin við rúmið, sem fóstran lá, og uppljómaði það herbergið. Í miðju ljósinu stóð faðir minn, gjörsamlega ummyndaður, hjúpaður himneskri birtu. Hann leið hægt að rúminu og lyfti upp höndum eins og hann ætlaði að taka mig í faðm sinn. „Faðir minn,“ kallaði ég upp frá mér numin af fögnuði. „Vertu eilíflega blessuð, barnið mitt, vertu eilíflega blessuð,“ mælti hann. Ég ætlaði að klifra yfir konuna til að minnast við hann og rétti fram hendurnar. Hann leit þá til mín með ástúðlegu en þó jafnframt döpru augnaráði og sýndist líða með ljósinu yfir að veggnum og hvarf. Sýnin stóð yfir stutta stund. Mér varð ósjálfrátt litið út í gluggann og sá, að dagrenningin hafði ekkert færst upp á loftið, og fuglinn sat úti fyrir í glugganum í sömu stellingu og áður.“ En eins og stúlkan tekur svo fram að frásögu þessari lokinni, veitti þetta henni slíka huggun, að hún segist hafa grátið gleði- og þakkartárum.

Eins og svipað fyrirbæri fyrra dæmisins virðist hafa notið að hins sofandi eiginmanns konunnar, sem sá þau, þannig virðist hinn látni faðir hafa fengið næringu sína gegnum hina sofandi fóstru, sem eins og komist var að orði um eiginmanninn dró andann þungt. Er því mikil ástæða til að ætla, að það hafi því haft hér mikla þýðingu, að hin syrgjandi stúlka skyldi finna sig knúða til að fara upp í rúmið til fóstrunnar. Enda gerðist þarna á sama veg og í fyrrnefndu skiptin, að svipurinn kom fram þeim megin, sem fóstran lá. Hvað birtuna snertir, sem stúlkan segir að hjúpað hafi svip föður síns, er það að segja, að þar virðist hafa verið um hið sama að ræða og í fyrrsögðu dæmunum, þar sem aðeins einu sinni náði að koma fram meira en ljósský. Þrátt fyrir það að koma þá fram sem dökklæddur maður lýsti einnig af þeim

svípi. En hversvegna sú birta stafaði bæði af honum og föður stúlkunnar, veit ég ekki. Aðeins þykir mér hugsanlegt, að eins og fatnaður líkamast ásamt því, sem hann skýlir, þegar svípir koma fram, kunní umhverfisástand þeirra einnig að geta gert það að nokkru. Mætti þá hugsa sér, að þessi birta hafi því ekki verið annað en það, sem var á hinum bjarta og fagra framlífsstað þess, sem svípurinn tilheyrði. Væri þetta þá skylt því, sem gerist, þegar fjarmyndun látins manns á sér stað og þá vitanlega ekki í ljósi þeirrar sólar, sem hér lýsir, heldur annarrar sólar og á annarri jörð. En nú ætla ég hér að síðustu að víkja að frásögu um dæmi, sem virðast að sumu leyti hafa verið með öðrum hætti en þau, sem rakin hafa verið að framan, en hljóta þó að teljast til raunverulegra svípasýna.

III.

Í sömu bók, „Út yfir gröf og dauða“, bls. 155 til 163, segir frá stúlku nokkurri rússneskri, Palladíu að nafni, og er sami maðurinn þar æ til frásagnar. Segir hann fyrst frá því, að hann fylgdi stúlku þessari ásamt systur hennar frá Moskvu suður á Krímsskaga, og hafði bróðir þeirra beðið hann þess. Sá hann þá Palladíu í fyrsta sinn, og var hún þá 14 ára, há, grannvaxin og veikluleg. Dvaldi hann svo á sama stað og þær hálfsmánaðar tíma. Þetta var vorið 1872. En ári síðar, eða 1873, hitti hann þessar systur aftur í Odessa. Og er hann þá eitthvert sinn var að lesa eitthvað fyrir þær, hneig Palladíu útaf og var þá látin.

Rúmlega þremur árum eftir að þetta gerðist, var sögumaður búsettur í Kænugörðum. Var hann staddur þar í viðhafnarstofu sinni og lék á hljóðfæri. Þaðan, sem hann sat, sá hann inn í aðra stofu, þar sem annar maður var að störfum. Varð sögumanni, sem segist þarna hafa verið í mjög góðu skapi, litið yfir að stofudyrnum og komið þar auga á kvenmann, sem hann þegar sa, að var Palladíu. „Hún stóð þarna í miðjum dyrunum,“ segir hann, „og snéri líkamanum ofurlítið til annarrar hliðar, en þó horfði andlitið beint við mér. Hún horfði rólega á mig. Hún var í sama dökkleita búningnum, sem hún lést í að mér ásjáandi Hægri hönd hennar hékk niður með síðunni. Ég sá greinilega herðar hennar og efri hluta líkamans. En ég man ekki, að ég sæi pilsíð, og er ekki viss um, hvort ég sá fætur hennar eða ekki. Ef til vill var það af því, að ég starði stöðugt framan í hana. Þegar ég sá hana nú, var mér gleymt, að hún var dáin. Svo greinileg og eðlileg var

hún í augum mér. Ljósíð skein á hana báðum megin, og gat ég því séð hana mjög vel. Fyrstu áhrifin voru þau, að mér fannst mér renna kalt vatn milli skinns og hörunds. Ég varð sem steini lostinn og stóð á öndinni. En það var ekki vegna hræðslu, heldur af einhverju öðru Hversu lengi Palladía stóð þarna, get ég eki sagt. En ég man hún sveif til hægri og hvarf bak við hurðina á lesstofunni.“

Fremur skildist sögumanni, að hinn maðurinn, sem var við eitt-hvert starf í næstu stofu við hann, hafi séð einhvern ganga fyrir dyrnar á milli þeirra. En þegar hann sá, hve sögumanni var brugðið, hafi hann farið að halda því fram, að þar hafi þjónustustúlkan verið á ferð. En raunverulega, segir sögumaður, að hún hafi þá verið stödd á alltöðrum stað, og að slíkt hafi því ekki getað komið til greina. En eftir þetta segir hann, að Palladía hafi birst sér mörgum sinnum, eða alltaf fram til þess, sem hann segir hér frá. Stundum sá hann hana tvisvar í viku, stundum tvisvar á dag, en stundum hafi liðið mánuður svo að hann sá hana ekki. Í bókinni segir frá þremur dæmum, og tek ég þá frásögu upp nokkuð stytta.

„Um kvöldið í nóvember 1879 sat ég við skrifborð mitt og kepptist við það, sem ég var að gera. Allt í einu sá ég þá, hvar Palladía situr í hægindastól andspænis mér. Hún studdi hægri hönd undir kinn og lét olnbogann hvíla á borðinu. Mér varð mjög bilt við, en er ég hafði áttað mig, leit ég á úrið og fylgdi sekúndu-vísinum með augunum. Ég leit svo á Palladíu og sá, að hún sat enn í sömu skorðum. Hún horfði á mig með gleðiblandinni ró. Ég herti nú upp hugann og ávarpaði hana á fyrsta skipti. „Hvernig líður yður?“ spurði ég. Það sást engin breyting á andliti hennar og ég minnst ekki þess, að hún hafi hreyft varirnar. Þó heyrðist mér glögglega hún segja orðið, „rósemi“. „Ég skil“, svaraði ég, og þá um leið þóttist ég skilja meiningu hennar með orðinu „rósemi“. En til þess að vera viss um, að mig væri ekki að dreyma, leit ég enn á úrið. En þegar ég leit aftur á Palladíu, sá ég að hún var farin að óskýrast og hverfa, og var mér þá um leið horfið það, sem ég þá rétt áður hafði þóst skilja út frá þessu orði hennar.

„Árið 1885 dvaldi ég um tíma á landsetri foreldra minna í grennd við Poltafa. Kunningjakona okkar hafði komið þangað í því skyni að dvelja hjá okkur ásamt tveimur dætrum sínum. Palladía birtist mér þá einn morgun í dögum nokkru eftir að þær voru komnar. Ég svaf þá aleinn í afskekktum hluta hússins. Hún stóð skammt frá mér og horfði á mig með gleðibrosi. Og er hún

hafði fært sig nær mér, mælti hún: „Ég hefi verið . . . ég hefi séð.“ Síðan hvarf hún með bros á vörum. Ég gat ekki giskað á, hvað hún meinti með þessum orðum. En þennan sama morgun hafði eldri dóttir vinkonu okkar gestkomandi vaknað snemma og heyrst sagt við sig án þess að hafa séð neinn: „Vertu ekki hrædd við mig, ég vil vel og elska.“ Höfðu þá móðir stúlkunnar og systir legið þarna inni hjá henni í fastasvefni. En stúlkann, sem þetta var sagt við, varð seinna eiginkona sögumannsins.“

Að síðustu segir sögumaður frá því, að í október árið 1890 hafi hann verið staddur í einhverju herbergi á heimili sínu, þar sem ljós logaði á lampa. Kom sonur hans tveggja ára hlaupandi þangað inn til hans, og allt í einu birtist honum þá Palladía. Horfði drengurinn fast á hana, snéri sér síðan til föður síns um leið og hann benti til hennar og sagði: „Frænka“. Tók faðir hans hann þá á kné sér, en þegar hann svo leit til Palladíu, var hún horfin.

Mér virðist sem það liggi í augum uppi, að Palladía hafi borið í brjósti ástarhug til sögumannsins, og að sá ástarhugur hafi ekki einungis varað út yfir gróf og dauða, heldur orðið æ innilegri og hreinni. Er dæmi þetta því sérstaklega hugþekkt auk þess að vera mjög sterk sönnun fyrir framhaldslífi. Birting svíps er óhugsanleg án þess, að sá sem birtist, sé raunverulega til. En þrátt fyrir óeigingjarna ást hennar hefir hún ekki komist hjá því að ræna þennan elskhuga sinn nokkru lífmagni í hvert sinn, sem hún birtist honum. Og að slíkt kraftrán skyldi ævinlega eiga sér stað við birtingu hennar, þykir mér vera mikil sönnun þess, að ævinlega hafi þarna verið um raunverulegar svípsýnir að ræða. Hann tekur það fram, að sig hafi aldrei dreymt hana. Af skiljanlegum ástæðum var alltaf af hennar hálfu mikil vangeta til þess að tjá sig, nema þá helzt við hina tilvonandi eiginkonu sögumannsins, enda voru þær þá fastsofandi, móðir hennar og systir. Og vegna þess, hvað það er í góðu samræmi við skilning minn varðandi þessi efni, ætla ég hér að lokum að geta þess, sem einnig er þarna sagt í lokaorðum sögumannsins, að Palladía hafi ævinlega birst sér að óvörum, að viðdvöl hennar hafi aldrei verið, nema tvær til þrjár mínútur, og að hún þá hafi smám saman orðið daufari og horfið sem reykur.

Raunverulegir svípir og aðrir svípir — sambandssýnir.

„Og er hann hafði talað þetta, varð hann uppnuminn að þeim ásjáandi, og ský nam hann frá augum þeirra,“ stendur í postula-

sögu Nýja testamentisins, 1. k. 9. v. Í Lúkasarguðspjalli, 24. k., er hinsvegar sagt frá því, að augu lærisveina Jesú tveggja, sem hann birtist eftir dauða sinn, hafi verið svo „haldin“, að þeir þekktu hann ekki, og að það hafi ekki verið fyrr en hann hafði setið til borðs með þeim, tekið brauðið, eins og venja hans mun hafa verið, blessað það, brotið og fengið hvorum sinn skammt, að augu þeirra hafi lokist upp svo að þeir þekktu hann. En það var þá um leið og hann hvarf sjónum þeirra.

Þegar ég nú ber þessa frásögu saman við dæmin, sem rakin eru í fyrri hluta þessarar greinar minnar, þá þykir mér sem um samskonar hafi þarna verið að ræða, og er það óneitanlega til studnings sannsöguleiks hennar Á líkan hátt og í þeim dæmum virðast hinir viðstöddu lærisveinar tapa einhverju af sjálfum sér um leið og svipur meistara þeirra kemur fram. Þegar hann birtist þeim, verða þeir svo utan við sig, að þeir þekkja hann ekki, og léttir þeim sljóleika ekki af þeim fyrr en hann hverfur þeim eða er horfinn. Og eins og Helgi Pjeturss víkur að einhvers staðar, þá er hið líklegasta, að skýið, sem nokkru síðar nam hann frá augum enn annarra og fleiri lærisveina, hafi ekki verið annað en hinn raunverulegi svipur hans sjálfs á sínu upplausnar- og lokastigi.

Í æviminningum Tryggva Emilssonar, „Fátækt fólk“, bls. 47 til 48, segir á þessa leið:

„Það bar til tíðinda seint á góu aldamótaárið 1901 að faðir minn var óvænt boðaður á fund hreppsnefndarinnar í Andakíls-hreppi. Ekki vissi hann hvaðan á sig stóð veðrið eða hvert erindi, svo áriðandi, sú nefnd gat átt við hann, skuldlausan mann en rölti þó af stað á fund hreppsnefndarinnar á tilsettum tíma, þess albúinn að ræða við þá bændur sem hann þekkti að góðu einu þar sem hann hafði unnið hjá þeim flestum við jarðabætur og kennt börnum þeirra nokkra vetur. Þannig var veðri hátað þennan dag, að hríðarmugga var á, dimmt til jarðar og þæfingsfæri. Hann var kunnugur leiðinni og gekk því hiklaust í mugguvegginn án þess að yggja að sér. Ekki hafði hann lengi gengið þegar hann varð þess var að tveir menn voru þarna á ferð og voru skammt undan. Var annar þeirra stór maður með stafprik í hendi og bar poka um öxl, og gekk hann fyrir, í slóð hans gekk unglingur mjög grannvaxinn og sýndist eiga erfitt með gang. Faðir minn hraðaði nú göngunni og hugðist hafa tal af þessum ferðalöngum, en sama var að hvorki dró sundur né saman og fór að eins þó hann hlypi loks við fót og gekk svo lengi. Þótti honum þetta allundarlegt en

sleppti þó ekki af þeim augum í muggunni. En allt í einu hverfa mennirnir eins og jörðin hafi gleypt þá og rétt í því stendur faðir minn á vakarbakka við Hvítá sem skvolpaði þar við skarir og þá loks varð honum ljóst, að mennirnir, sem hann fylgdi svo fast eftir, voru svipir dáiinna úr dauðavök og veitti hann því nú eftirtekt að engin slóð var eftir þessa undarlegu svipi. Sneri hann nú frá fljótsbakkanum sem skjótast en í því létti þokunni og birti svo til að hann áttaði sig á hvar hann var staddur og þá varð honum ljóst að hann hafði gengið þrjá stóra hringi áður en kom á vatnsbakkann. Þessi villa var svo furðuleg að hann gekk svo klukkutímum skipti í þæfingsfæri og flukraði aldrei að honum að neitt væri athugavert við þá menn sem á undan fóru fyrir en þeir hurfu í móðuna.“

Það þarf naumast að efa, að svipur Jesú, sem neytti matar hjá lærisveinum sínum, braut brauðið og framkvæmdi fleira slíkt, hefði skilið eftir sig spor, ef ganga hans hefði legið um lausamjöll. En það gerðu þeir ekki þessir „svipir“, sem Emil þóttist sjá ganga á undan sér. Honum virtist það ekki heldur hafa nein áhrif á fjarlægðina milli sín og þeirra, hvort hann hraðaði göngu sinni eða ekki, og bendir hvorttveggja til hins sama, að þeir hafi einungis verið honum draum- eða sambandsséðir. Pykir mér líklegt, að þarna hafi hvorttveggja komið til greina, ástæði við eitthvað, sem var að gerast á öðrum stað, og þátttaka í upprifjun minninga um eitthvað, sem gerzt hafði á þessum Hvítárlóðum, eitthvert slys, og hefi ég annarsstaðar reynt að gera nokkra grein fyrir slíkri upprifjan. Er ástæða til að ætla, að Emil, sem bæði var röskur maður og jafnan ratvís, en villtist þarna þrjá stóra hringi án þess að gera sér það ljóst fyrir en á vakarbakkanum, hafi þarna verið í einhverskonar leiðsluástandi, sem hann loks hafi vaknað af um leið og svipirnir hurfu. En orsökkin til alls þessa er mjög auðsæ. Hún er stilliáhrif hreppsnefndarmannanna, sem vel geta hafa verið góðir menn, hver einn sér, en voru það ekki í þetta skipti.

Þorsteinn Jónsson á Úlfstöðum.

LÍFSEGULMAGN OG FLEIRA

Það er af mörgum talið til hlunninda, ekki lítilla, að búa við málfrelsi, og það hefur einnig verið sagt að ábyrgð fylgi þessu frelsi, sú ábyrgð að nota það. Nýlega rakst ég á eftirtektarvert dæmi þessu viðvíkjandi.

Í Sovétríkjunum er að sjálfsgöðu fjöldi ágætra vísindamanna, og meðal annars hefur orðið þar sú þróun síðan 1961, og þó einkum síðustu árin, að rannsóknum á „dularfullum fyrirbrigðum“ hefur fleygt fram, og telja margir að þeir þar séu lengra komnir en Vesturlandamenn. Í blaðinu „Fréttir frá Sovétríkjunum“, sem er víst gefið út af einhverjum Sovétvinum hér, febrúar 1979, er grein með nafninu „Sovézkir vísindamenn glíma við Dularfull Fyrirbrigði“. Í greininni koma fyrir þessi eftirtektarverðu orð: lífsegulmagn, lífmögnun, líforka, lífgeislun, fjarhrif. Ennfremur er talað um að „til viðbótar við þá óbeinu orkuöflun, sem maðurinn er væddur fyrir tilstyrk orkukeðjunnar: orka sólar, gróðurs, dýra — finnst einnig bein orkuleiðni til mannsins beint utan úr geimnum“. Samkvæmt þessu „ættu að vera til í mannum „rásir“ sem beint er út í geiminn. *Einmítt um þessar rásir tekur maðurinn á móti orku þeirri sem honum er nauðsynleg til andlegs lífs síns og starfsemi taugakerfanna*“.

Gott hjá Rússum! Það vantar aðeins á, að frumheimildanna að þessum skilningi sé getið. En úr því er ég viss um að fulltrúar málfrelsisins á Íslandi munu fúslega bæta. Þeir munu segja: „Þessar hugsanir eru miklu fremur íslenskar en rússneskar, og heimspekín sem gerir þær að samstæðri og skiljanlegri heild er algerlega íslensk, og munum vér nú taka til við að kenna þær við háskóla vorn!“

En raunar munu bæði Íslendingar og Rússar og allir aðrir gleðjast yfir því að málin taka að þróast á þessa leið — um leið og losnar um tunguhaftið og menn fara að heiðra málfrelsið.

Þorsteinn Guðjónsson.

TIL GÓÐS VINAR LIGGJA GAGNVEGIR ÞÓTT HANN SÉ FIRR FARINN

Þegar ég var á Alþýðuskólanum á Eiðum 1920, gaf skólast. séra Ásmundur Guðmundsson okkur ofanritað stílsefni. Þetta stílsefni var eitt af hinum svonefndu heimastílum. Ég hafði lesið þetta án þess að ígrunda, enda á þeim árum lítt til þess fær og stóð nú þarna uppi handa- og hugarvilltur. Reyndi þó að fikra mig áfram á þessa leið.

„Þetta er eitt af þeim spakmælum sem Óðni eru í munn lögð. Enginn veit hver Óðinn er, andinn mikli sem er til hjá öllum þjóðum undir einhverju nafni. Góður vinur er það besta sem einn maður getur eignast. Hvergi er öruggara skjól fyrir sviftibyljum lífsins, er vilja slá mönnum niður.

En hvað er sönn vinátta? Er hún ekki einn sterkasti þáttur af sterkasta afli tilverunnar, samúðinni og því trausti sem mvndast við að segja hlutina hreint út, draga ekkert undan. Því hefur stundum verið slegið fram, að hennar hafi gætt minna í fornöld. Þó mun það ekki hrakið að tryggð milli vina var síst minni þá en nú.

Því bregður fyrir á öllum öldum að mönnum reynist örðugt að standa einir þurfa styrk einhversstaðar frá. Þegar menn finna samúð hjá einhverjum, er eins og uppljúkist nýir heimar og nýir kraftar brjótast fram.“

En góður vinur er ekki alltaf til staðar eða í handraða. Þarna var ég kominn í blindgötu og stílsefnið ólevst. Ég fór yfir allt sem ég hafði lesið, fann þó hvergi táfestu. Ég lagðist svo að segja undir feld til að freista úrlausnar. Allt í einu lýstur niður í huga minn hvort hugsanir gangi ekki frá manni til manns eftir einhverjum leiðum. Liggur þarna ekki heill heimur á bakvið? Um hugsanaflutning gat ég ekki greint að ég hefði lesið og því síður heyrt ræddan. Aftur á móti dattu mér í hug fornaldarsögur Norðurlanda sem ég kunní svo að segja utan að. Þar er getið ýmsra dularfullra sagna um að menn gátu lánað og þegið kraft hver hjá öðrum og lá þá annar aðilinn í dáí á meðan skiptin stóðu yfir.

Best að botna stíllinn með þessu. Ég bar niður í Hjálmtéssögu og Ölvers eftir minni. Konungur nokkur hafði lagt þrautir fyrir Hjálmté og ein var sú að bana blótneyti einu, sem var skaðvaldur en enginn gat unnið á, það hélt sig í skógi einum. Hjálmtér átti þræl og milli þeirra var nánin vinátta sem ótítt var þannig milli stétta. Þrælar voru herteknir menn frá löndum sem kannski stóðu þrælahöldurum ofar að menningu.

Hjálmtér átti að skila húð nautsins heim í höll konungs með hornum og klaufum. Þeir félagar vinna nautið og þrællinn fló það eftir umsögn konungs og bað nú Hjálmté að lyfta húðinni, en hann gat ekki hreyft hana til. Segir þá þrællinn. „Nú skal ég bera húðina heim að höllinni, legg hana þar niður og geng til svefnlofts míns. Þegar þangað er komið leggst ég niður og lána þér afl mitt til að bera húðina fyrir konung. Þetta tókst og auðvitað hlaut Hjálmtér öll verðlaunin.

Hér tek ég svo upp framhald af stílnum.

„Þetta þykir nú kannske ekki sennilegt, en hver getur fullyrt að hugsanir hafi ekki áhrif, og geti verkað manna á milli og ef til vill getum við undir vissum kringumstæðum lánað hver öðrum kraft. Hvernig stendur á að stundum fyllumst við djörfung án þess að vita nokkra orsök þar til og framkvæmum það sem okkur fannst áður ókleift? Ég get ekki skýrt þetta, en þykir samt ekki ósennilegt, að þarna standi annarra manna hugsanir að baki og það er sannfæring mín, að hugsanir gangi frá manni til manns, en styrkur þeirra fari eftir því hvað samúðin er sterk. Þetta held ég að vakað hafi fyrir skáldinu með framanskráðu erindi. Við það fer okkur að skiljast hve mikil áhrif það getur haft er við hugsum sterkt um eitthvað, þótt við látum það ekki uppi. Þegar við verðum komnir það langt að samúðarkrafturinn myndar hring, munum við geta skrifað undir það, sem algildan sannleika, að „til góðs vinar liggja gagnvegir þótt hann sé firr farinn“.

Ekki get ég skýrt hvað kom til að ég fékk hugrekki til að fara þarna með fullyrðingar, sem ég gat á engan hátt gert grein fyrir.

Skólastjóri var vanur að segja ýmislegt um stílna þegar hann afhenti þá. Við mig sagði hann: „Trúið þér þessu, Halldór?“ Ég stóð náttúrlega berskjaldaður, en sagði þó: „Já, mér finnst þetta mjög trúlegt“.

Svo var þetta úr sögunni.

Halldór Pjetursson.

NÝALSMÁL

Mikla athygli vakti víða á landi hér þegar fyrstu heftin af 1. bindi Nýals komu út á árunum 1919 og 1920. Annars hafði dr. Helgi Pjeturss ritað um þessar nýju kenningar sínar í nokkur ár áður í blöð og tímarit. Eftir að nefnd hefti voru komin fyrir sjónir almennings var í blaðagrein minnst á þetta og sagt að þessar ritgerðir dr. Helga væru eins og toppar á fjöllum mikils lands sem nú hefði fengið skýringu.

Á þessum árum var stundum á mannafundum rætt um þessi mál sem þóttu rismikil hvort sem menn voru með eða móti. Þá var það alltaf vani minn að fara í kaupstað að loknum heyrðingum. Að sjálfsgöðu var þá alltaf komið til bóksalans Guðmundar Sigurðssonar á Höfn, sem var einn af fyrstu íbúum kaupsins. Hann var gáfumaður og hafði áhuga á bókmenntum. Í bókasafni mínu á ég frá honum Lýsingu Íslands eftir Þorvald Þoroddsen er hann sendi mér að gjöf, 12 ára gömlum. Guðmundur var þá fyrir skömmu kominn frá Reykjavík. Hann rís snögglega á fætur, tekur áður nefnd Nýalshefti og réttir mér. Hann tjáði mér að þarna væru um mjög merk rit að ræða, sem ég skyldi lesa og íhuga. Ennfremur sagði hann að Björn Kristjánsson, fyrrverandi bankastjóri hefði lokið miklu lofsorði á þessar nýju kenningar og höfund þeirra. Skildist mér helzt að Guðmundur hefði fyrir ábendingar hans komið með heftin hingað til Hornafjarðar haustið 1920. Um kvöldið þegar ég var kominn heim las ég alla ritgjörðina „Hið mikla samband“ með áhuga og hrifningu, sem jókst við nánari athuganir. Er minnst á það lítilla í 1. tölublaði Íslenzkrar stefnu í ritgjörð „Um drauma“, sem fjallar um veruleika stillilögsmálsins og draumasambandsins.

Bjarni Bjarnason, Brekkubæ.

ERU SKÁLDSÝNIR EINSKONAR DRAUM- SAMBAND?

Í Lífgeislum árið 1976 er grein eftir Þorstein Guðjónsson: „Íslenskt stjörnusamband um 1600.“ Aðalinntak greinar þeirrar er það, að út kom í Þýskalandi árið 1634 bók eftir þýska stjörnufræðinginn Jóhannes Kepler. Er kjarni bókarinnar draumur stjarnfræðilegs efnis, sem Kepler hafði dreymt.

Árið 1608 dreymdi hann, að hann væri að lesa bók, þar sem fram kom Íslendingur og sagði hluta úr ævisögu sinni. Fylgdi þar með, að hann komst í hendur kaupmanna, sem voru ferðbúnir í siglingu til Noregs og Danmerkur. Þá kemur til hans maður með bréf frá Skálholtsbiskupi til Tycho Brahe stjörnufræðings í Danmörku og biður hann fyrir. Þá var biskup í Skálholti Oddur Einarsson, en hann hafði í æsku verið lærisveinn Tycho Brahe. Hann var einn lærðasti maður í stjörnu- og dulfræðum hér um sína daga. Honum er svo lýst: „Hann var maður háttprúður og hófsamur, hógvær, ljúflyndur og lítillátur, áminnti hann þá hóglátlega, með nákvæmni en eigi með illyrðum eða stóryrðum. Hann var maður iðjusamur, og er embættisverk hömluðu eigi, sat hann við lestur, rannsóknir eða þýddi erlendar bækur.“ Gísli Oddsson, sonur hans, var eftirmaður hans á biskupsstóli. Hann var ekki biskup nema 6 ár, dó fyrir aldur fram. Hann var einnig hinn merkasti maður og lærður í dulfræðum sem faðir hans. Eftir hann er bókin „Undur Íslands“, sem mörgum fræðimönnum þykir merkisrit enn í dag, þrátt fyrir ýmsa hjátrú og hindurvítni, sem nú eru ekki viðurkennd. Sagan segir um Odd biskup, að hann hafi séð sýnir og jafnvel sagt fyrir óorðna hluti.

Í framhaldi af því, sem hér að framan hefur verið sagt, skal það tekið fram, að árið 1918 birtist sagan „Sýnir Odds biskups“, eftir skáldið Jón Trausta. Um hana er það að segja, að hún er gjörólík öllum öðrum verkum höfundarins. Þótt skáldsaga sé hún að formi, byggð á sannsögulegum grunni, er hún þó líkari vitrun eða einhvers konar draumskynjun. Það er eins og hulin öfl hafi leitað sterkt eftir sambandi, svo að áhrif sögunnar á lesandann verða bæði dulmögnuð og máttug. Engin skilgreining er til frá

höfundarins hendi varðandi þessa einstæðu sögu. En Matthías Jochumsson segir í erfiljóðum eftir Guðmund Magnússon:

Enda var þín síðsta sýn
séð af dulspekingi,
sú var yngsta sagan þín
samin af ritsnillingi.

En nú skal næst að því vikið, að til er frásögn Jóns Trausta af því, hvernig sögur hans oft urðu til. Til er bók eftir Guðmund heitinn Finnbogason að nafni Hugur og heimur. eru það fyrirlestrar um hvers konar heimspeki. Þar er m. a. kafli, sem höf. nefnir „persónur í skáldskap“. Þar getur hann þess, að hann hafi beðið Jón Trausta að gera grein fyrir sköpun sagna sinna. Síðan birtir hann bréf frá honum varðandi þetta málefni, sem hér verður tekið orðrétt upp, dagsett 10. okt. 1909:

„Þá er það hvernig sagan skapast. Ég veit ekki hvernig ég á að segja það, án þess að verða of langorður. Ég skal reyna að lýsa því, hvernig grundvöllurinn undir henni, *landið*, skapast, því að ef til vill hefirðu tekið eftir því, að ég læt mér ekki draga um það að búa til landið líka. „Þar skal verða nýr himinn og ný jörð“. Þar þarf ég á hjöllum, hálsnum, vikum og vogum að halda, heilu landabréfi, miklu betra en herforingjaráðsins. Þetta svífur lengi fyrir huganum eins og í bláleitri móðu. Þar koma fram eilífar „Combinationir“, sumt hefi ég séð og sumt ekki, fjöll og dalir, fossar og ár bætast við, eru teknir með eða strikaðir út eins og óþarfir umsækjendur. Allt verður að samræmast. Loks sígur landið saman í heila steypu og stendur fast. Lönd þau, sem lýst er í sögum mínum, eru hvergi til. Þess vegna hafa komið raddir frá öllum hornum landsins, Keflavík, Búðum, Ólafsvík, Djúpavogi, Húsavík og víðar, að „Leysing“ hafi gerst hjá sér. Allir þóttust þekktja landslagið.

Nokkuð ólíkt þessu er með sjálfa söguna. Svona skal hún byrja, svona skal hún enda, — þetta getur hver maður sagt. En í sögu er löng leið og torveld frá byrjun til enda. Það er enginn vandi að flétta saman atburðum, það er eins og að tefla skák við sjálfan sig. Það eru *mennirnir*, sem örðugast er að eiga við, ef þeir eiga að verða nokkuð annað en taflmenn. Þegar ég legg út í að skrifa sögu, er líkast því að ég leggi gangandi á Mosfellsheiði og hugsí sem svo, að óvíst sé hvort ég komist nokkurn tíma af henni. Sögunni er fyrir fram skipt í kapitula eins og heiðinni í áfanga. Hver kapituli hefir ákveðið innihald, og hvenær sem er, er mér

ljóst, hve langt ég er kominn, „ég þekki mig“. Það er seigdrepanði að labba alla heiðina á ekki langstígara verkfæri en pennaoddi. En það vinnst þó. Aðalpersónurnar eru meira eða minna skýrar þegar ég byrja. Hver kaþítuli sögunnar er ný leið að þungamiðju þeirra. Hinar persónurnar verða eiginlega ekki til fyrir en um leið og þær verða fyrir mér. Ég sé hverja einustu persónu fyrir mér, þegar ég er að skrifa um hana, og heyri til hennar. Það eru ekki mín svipbrigði, sem ég lýsi, heldur svipbrigðin á því andliti, sem ég horfi þá á, og þau verða að vera í samræmi við það andlit. Ef til vill er þetta að nokkru leyti arfur frá leikhúsunum, ef til vill frá lífinu að nokkru leyti. En ég er mér þess ekki meðvitandi að hafa tekið eitt einasta andlit eftir fyrirmynd, sem ég hefi þekkt. Ef svo er, þá er það ósjálfrátt. En persónur þær, sem ég skrifa um, verða mér eins kunnugar og eins handgengnar eins og þeir menn, sem ég hefi mest af að segja í daglegri umgengni. Þess vegna er mér það mikill starfsléttir að geta notað sömu persónurnar í fleiri sögum og bætt nýjum við. Og það er lesendum mínum léttir líka. Eitt að lokum. Ég ligg oft vakandi á nóttunni, stundum af því að ég get ekki sofnað fyrir hugsunum. En mér leiðist ekki. Ég er alveg hissa á því, hvað klukkustundirnar eru fljótar að líða. Klukkan slær eitt — hálf tvö, tvö — þrjú — fjögur og stundum fæ ég skröplur út af svefnleysinu, því að þá kemur skynsemin snöggvast og segir mér, að ég þurfi að sofa, því að ég eigi að fara til vinnu klukkan sjö. — En slíkar nætur eru frjósamar. Þá er eins og ímyndunaraflíð vaxi yfir sig. Þá fer gáfan taumlaus og ræður sjálf ferðum sínum. Í hálfgerðu móki og djúpri dauðapögn fæðast hinir kynlegustu hlutir í huganum, náskyldir draumum í eðli sínu, en ákveðnari og viðráðanlegri. Þá verður mér ekki skotaskuld úr að semja heilar sögur frá upphafi til enda eða gera eitthvað annað viðlíka smáræði. Þetta er að vísu sjúkt og óeðlilegt, eins og lundur Jónasar, en það vermír inn að hjartarótum.

Á morgnana er allt gleymt. En samt er eins og það hafi fest rætur eða fellt fræ einhversstaðar langt, langt niðri í undirvitundinni og þegar dagar þess eru fullnaðir, skýtur það upp teinungi. Auðvitað fæðist það ekki fullaldrá eins og ég sagði áðan, en þegar margt af þessu tagi kemur saman, getur orðið úr því eitthvað heillegt . . .“

Eins og sjá má, vantar hér niðurlag bréfsins. En það skiptir engu. Það hefur þegar talað sínu máli.

Sigurður Sigurmundarson, Hvítárholti.

HUGLJÓMUN! — DHAMMAPADA

I.

Skammt er síðan að út kom ný útgáfa af bókinni *Dhammapada*, leiðsögn til lífsvisku, í snilldarþýðingu Sörens Sörensonar, úr forn-málinu *Pali*, og má það heita viðburður að fá á íslensku þýdda bók beint úr því merka máli. En efni bókarinnar er ekki síður athyglis-vert, því þar er að finna orð og spekimál sjálfs Búddha, hins mikla trúarbragðahöfundar.

Í inngangi segir frá ævi Búddha og hvernig hann öðlaðist lífs-visku sína. Eftir miklar þrengingar og hugarkvalir settist hann undir stórt fíkjutré, og hét því, að standa ekki upp frá því aftur, fyrr en hann væri búinn að skynja hin eilífu sannindi og finna lausn fyrr en hann væri búinn að skynja hin eilífu sannindi og finna lausnina á mannlegri þjáningu, eða deyja ella.

Parna sat hann heila nótt og beindi huga sínum að kjarna allrar tilveru.

„Þegar aftur tók að lýsa af degi, gerðist hið mikla undur. Vitund hans uppljómaðist í einu veffangi. Hann stóð andspænis sannleikanum sjálfum. Hann skynjaði í djúpi vitundar sinnar öll meginrök lífs og dauða. Sigur var að lokum unninn og hinn frelsandi sannleikur fundinn, Siddhartha var nú orðinn Búddha, meistari visku og kærleiks.“

Pannig stendur orðrétt í inngangi bókarinnar, sem inniheldur sitthvað af spakmælum Búddha.

II.

Í dulfræðiritum er oft talað um uppljómun eða hugljómun, og ekki efa ég að slík reynsla eigi sér stað. Þeim, sem slíkt reyna, finnst þeir skilja allar ráðgátur tilverunnar, og að þeim veitist máttur til að umbreyta öllum háttum mannkynsins.

Hvað gerist raunverulega við slíka reynslu? Að minni hyggju hlýtur hér að vera um merkilega sambandsreynslu að ræða.

Búddha hefur komist í ákaflega náð tilfinninga- og vitsamband við æðri veru, sem hlýtur að eiga heima á einhverri fjarlægri stjörnu, þar sem samstilling allra einstaklinga er algjör, þar sem kærleikur og viska og máttur er ríkjandi, þar sem máttur allra er í hverjum einum og máttur hvers eins í öllum.

Búddha hefur um stund komist í samband við slíka viskuveru, og eignast þátt í vitund hennar, jafnvel svo að varanlegt samband hefur komist á. Búddha öðlast því einhvern þátt í visku og mætti þessarar háþroskaveru. Ekki er víst að Búddha hafi gert sér ljósa grein fyrir þessu nána lífsambandi við hina lengra komnu veru. En geysisterk „uppljómun“ hefur orðið í huga hans, hann hefur orðið æðri magnanar aðnjótandi. Og viska hans er ekki hans eigin, heldur aðsend. Og er hann flytur öðrum boðskap sinn, þá ber hann ekki aðeins fram eigin visku heldur visku sambandsveru sinnar, hinnar æðri veru.

Svo mun vera um flesta andans menn, að viska sú, sem þeir boða, er ekki að öllu þeirra eigin, heldur þeirrar æðri veru, sem þeir standa í nánu sambandi við.

Viska Búddha og spakmæli hans munu vera þannig til komin. Það er fyrst eftir „uppljómunina“ undir trénu, sem honum gefst viska og máttur til að tala svo að áhrif hafi á aðra menn.

Vegna tilkomu hins æðra sambands gefst honum viska og magnan og áhrifin frá honum ná að verka svo á þjóð hans, að af verður trúarbragðastefna, sem nær tókum meðal milljóna manna.

Þannig mun vera um upptök allra trúarbragða. Höfundar þeirra hafa allir komist í nánin hugsambönd við lengra komnar viskuverur í öðrum stöðum alheimsins.

En tilraunir þeirra, hinna lengra komnu, til að breyta þróuninni í lífstefnuátt, hafa ávallt strandað á því, að vit hefur hér vantað og þekkingu á undirstöðuatriðum lífsambandsins. Því hafa allar slíkar tilraunir frá æðri stöðum mistekist hingað til. Búddhadómur var ein slík tilraun. Undirstöðuþekkingu vantaði, svo að unnt væri að koma fram gagngerri breytingu á stöðu lífsins á jörðu okkar.

Mörg fleiri trúarbrögð hafa síðan risið upp, en án þess árangurs, sem leitt gæti til stefnubreytingar, því undirstöðuþekking á eðli lífsins hefur ekki verið fyrir hendi.

Náttúrufræðileg þekking á lífi og lífsamböndum er undirstaða allra sannra framfara mannkynsins. Og þekking án góðvildar er ekki sönn þekking, og leiðir ekki til farsældar.

Ingvar Agnarsson.

(Birtist í Tímanum 3. sept. 1978).

FYRIRLESTRAR OG UMRÆÐUR

að Álfrólsvégi 121, veturinn 1978 til 1979

Félag Nýalssinna hefur í vetur (1978—'79) fengið fyrirlesara til að flytja erindi um ýmis mál á sérstökum fundum sem haldnir hafa verið í Stjórnusambandsstöðinni að Álfrólsvégi 121. Húsnefnd Álfrólsvegar 121 hefur séð um þessa fundi, og hafa þeir verið sóttir af félögum og öðrum. Fyrirlesararnir hafa valið sér efni til að tala um, en að þeim loknum hafa jafnan orðið frjóar umræður, og oft hafa þær tengst málefni Nýals á einn eða annan hátt. Fyrirlestrar þessir eru liður í því að skapa málefni Nýals tengsl sem víðast í þjóðfélaginu.

1. fundur. Ræðumaður var séra Kolbeinn Þorleifsson og talaði hann um efnið *Dæmisögur og andlig spekt*. Hann lagði út af því sem Snorra-Edda segir um fornmenn þá sem lifðu fyrir kristindóm, að „alla hluti skildu þeir jarðligri skilningu, en eigi var þeim gefin andlig spektin“. Taldi séra Kolbeinn að hin andliga spekt væri hið eftirsóknarverðasta hnoss, og af henni væru allar meiri háttar bókmenntir gagnsýrðar. Stórskáld hefði enginn orðið án þess að hafa haft hana til að bera. Dæmisögur sagði hann hafa tvöfalda merkingu, aðra einfalda og hversdagslega, en hina andlega, „Heiðlóar-kvæði“ Jónasar Hallgrímssonar (Snemma lóan litla í:.) taldi hann vera dæmisögu, orta eftir útlekkingu prests nokkurs frá 17. öld. Miklar og fjörugar umræður urðu um einstaka þætti í máli sra Kolbeins. Frá sjónarmiði Nýals mætti ef til vill draga kjarnann í erindi hans þannig saman, að með hinu andlega hafi hann átt við sambandsgáfu, og kæmi það þá í sama stað og það, sem stundum er sagt um skáldæð, innblástur, skáldsýnir, hugsjónir og annað af þeim toga. 1. fundur var 11. 11. 1978.

2. fundur. *Einar Þorsteinn Ásgeirsson* arkitekt kom og ræddi um *Form og reglu í alheimi*. Lagði hann sérstaklega út af *sambandi margflötunga*, sem er rúmfræðilegt efni. Einar Þorsteinn hefur hrifizt mjög af verkum bandaríska arkitektsins og fjölfræðingsins *Buckminster Fuller* en Fuller hefur uppgötvað mjög einföld stærðarhlutföll milli hinna platónsku margflötunga (fjórflötunga, tenings, átflötungs, tólflötungs og tvítugflötungs). Einar Þorsteinn hefur í framhaldi af verki Fullers gert nýjar uppgötvanir um margflötunga og samband þeirra, og er löng ritgerð eftir hann um þetta efni í

„Mathematica Reykjavíkensis“ stærðfræðiriti á ensku sem hann gefur út ásamt nokkrum öðrum. 2. fundur var 25. 11. 1978.

Ennfremur hefur Einar gefið út á vegum Bókamiðstöðvarinnar, Laugavegi 29 B, bókina *Barnaleikur*, með rúmmyndaspjöldum til samsetningar, og er óhætt að mæla með þeirri bók handa nám-fúsum unglíngum og öðrum. — Þó að áheyrendur væru ekki stærðfræðilegir tókst Einari vel að skapa áhuga þeirra á viðfangs-efninu, enda eru þessar gamalþekktu rúmmyndir alls ekki það vöfundarhús, sem menn ímynda sér stundum, heldur einmitt nokk-
uð sem höfðar til formskyns hvers einasta manns.

3. fundur. Gunnar Dal heimspekingur kom og ræddi við okkur um heimspeki Henri Bergsons (1859—1939, franskur) og sagði Gunnar telja Bergson skyldastan Helga Pjeturss af síðari tíma spekingum. Gunnar ræddi um ýmis aðalhugtök í heimspeki Bergsons, um lífskrafts-hugmynd hans (élan-vital), sem hann taldi líkjast lífgeislunarkenningu Helga, um hinn langa tíma alheimsins og hinn lifða tíma einstaklingsins, um innsæið og um frelsið. Gunnari tókst ágæta vel að vekja áhuga tilheyrenda á efninu, og er hann mjög líflegur sem fyrirlesari. Umræður urðu miklar og almennar um ræðuefnið. 3. fundur var 7. 1.

Á undan og eftir erindinu lék Guðmundur Magnússon á flygilinn. létu fundargestir í ljós aðdáun sína á túlkun hans. Guðmundur var við nám í Tónlistarskólanum þegar þetta var, en er nú útskrifaður, og hélt próftónleika sína í maí sl.

4. fundur. *Sigurður Sigurmundarson* í Hvítárholti flutti erindi um *Sýnir og sögur Jóns Trausta* og *Halldór Pjetursson* rithöfundur um *Drauma og skýringar á þeim*. Báðum þessum erindum var mjög vel tekið og urðu þau almennar umræður. Sigurður lagði einkum út af sögunni *Leysing* sem lýsir harðsvíruðum verslunarstjóra, sem lengi fer fram með mikilli hörku, en vegna sorgaratburðar sem hann átti e. t. v. nokkra sök á, verður breyting á hugarfari hans. Sagan er „sálfræðileg“ og einnig koma draumar og sambandskennd atvik við sögu. — Í lok erindis síns minntist Sigurður einnig á *Sýnir Odds biskups* (Einarssonar, 1559—1630), lítið rit sem hann taldi of litla athygli hafa vakið en vera mjög merkilegt, meðal annars vegna stjarnfræðilegra þátta í efninu. (En Oddur hafði numið stjarnfræði hjá Tycho Brahe í Danmörku og sennilega er hann sá biskup sem Kepler á við í *Stjarnfræðilegum draumi* sínum 1608 (sjá Lífgeisla nr. 10) P. G.). — Halldór Pjetursson sagði frá merkilegum bergfræðilegum athugunum sínum í draumi, sem

vöktu með honum hrifningu náttúruskoðarans, og ólíkar voru því sem hann hefur í vöku séð. Einnig las hann úr Þjóðsagnasafni Björns frá Viðfirði sögu þá sem tengd er vísunni:

Hér í vörum heyrir báru-snari

Er þar sagt frá samskiptum ungs manns við draumkonu eða huldukonu, sem vildi seiða hann til sín, enda var honum það ekki óljúft. En það fór illa vegna andstöðu móður pilsins, og er þessi saga allathyglisverð, og bendir til mikilla fyrirburða og sambands við aðra hnetti í fortíðinni. 4. fundur var 3. 3. 1979.

5. fundur. Þorsteinn Gylfason lektor í heimspeki kom og flutti erindi og háði umræður við fundarmenn. Verður þessi fundur væntanlega tekinn nánar fyrir í Lífgeislum.

Þorsteinn Guðjónsson.

TIL LESENDA

Við viljum biðja lesendur Lífgeisla þess, að gera sitt besta til að afla því nýrra áskrifenda. Fjöldi áskrifenda er forsenda þess, að unnt sé að halda útgáfu blaðsins áfram.

Sendið blaðinu greinar og hverskonar efni, til að auka á fjölbreytni þess. Frásagnir af fyrirburðum hverskonar, sýnir, draumar, eru meðal efnis, sem vel er þegið.

Eins og allir hafa orðið varir við, hefur dýrtið aukist jafnt og þétt undanfarið. Kemur það ekki síst niður á pappírs- og prentunarkostnaði. Við erum því tilneyddir að hækka áskriftargjald *Lífgeisla* upp í kr. 2,500, fyrir þetta ár, 1979, og vonumst eftir, að það verði ekki til að fæla neinn frá áframhaldandi áskrift.

Ritstj.

LEIÐRÉTTINGAR

við efni í Lífgeislum nr. 16, mars 1978 bls. 193 á miðri síðu stendur: „kjarnaklofnum frumefnum“, en á að vera „kjarnaklofnun frumefnanna.“

Ljóð

ÚR GRÍMNISMÁLUM (Brot)

Um bústaði Ása.

1. Land er heilagt
er eg liggja sé
ásum og álfum nær;
en í Þrúðheimi
skal Þór vera
unz um rjúfast regin.

2. Ýdalir heita
þar er Ullur hefur
sér um görva sali.
Álfheim Frey
gáfu í árdaga
tívar að tannfé

3. Bær er sá inn þriðji,
er blíð regin
silfri þöktu sali.
Valaskjálf heitir,
er vélti sér
ás í árdaga.

4. Gláðsheimur heitir inn fimmti
þar er in gullbjarta
Valhöll víð um þrumir;
en þar Hroftur
kýs hverjan dag
vopndauða vera.

5. Breiðablik eru hin sjöundu,
en þar Baldur hefir
sér um gerva sali,
á því landi,
er eg liggja veit
fæsta feiknstafi.

6. Glitnir er inn tíundi,
hann er gulli studdur
og silfri þaktur ið sama;
en þar Forseti
byggir flestan dag
og svæfir allar sakir.

1. *Þrúðheimur*: bústaður Þórs; *rjúfast*: farast; *regin*: goð.

2. *Ýdalir*: bústaður Ullar.

3. *Valaskjálf* er eign Óðins; *véla*: byggja með list.

4. *Gláðsheimur*: hinn bjarti heimur; *þruma*: standa kyrr.

5. *Breiðablik* er þar, sem víðsýnt er; *feiknstafir*: ógnir, hættur.

6. *Glitnir*: hinn skínandi; *gulli studdur*: með stöðum úr gulli; *Forseti*: einn af ásum, sonur Baldurs og Nönnu.

UM FYRIRBURÐAFRÆÐI

Hér birtist niðurlagið af erindi Þorsteins Gylfasonar, ásamt umræðum um það, úr síðasta tölublaði Lífgeisla. Þátttakendur í umræðunum eru Þorsteinn Gylfason, Páll Steinarsson, Þorsteinn Guðjónsson, Ingvar Agnarsson, Guðmundur Jónsson, Sveinn Haraldsson, Ævar Jóhannesson, Magnús Skarphéðinsson og Reynir Axelson.

P. Guð.: Frá okkar sjónarmiði er þetta geysilega minni, svo maður taki eitt dæmi, sem þú viðurkennir þarna, það er alveg eins stórkostlegt fyrirbæri eins og það þó að hnífur bogni á þennan hátt.

P. Gyl.: Já, já það má til sanns vegar færast. Ég held nú að þessir minnisgarpar . . .

P. Guð.: Og það sem við höldum fram hérna í sambandi við skilning Helga Pjeturss, það er fyrst og fremst tilvera þessarar orku, sem ýmsar athuganir fyrirburðafraeðinga styðja, að sé til. Og það verðum við frá okkar sjónarmiði að gera að grundvallaratriði. Og við teljum, að þeir sem snúast gegn þessu, þeir verði að taka það til greina, að þessi orka er þarna til umræðu. Hún er undirstöðuatriði.

P. Gyl.: Já, já, það er efni, sem ég fór ekkert út í, þessi lífsorkukenning.

P. Guð.: Við höfum hérna mann, það er Ævar Jóhannesson, hann er fyrsti maðurinn á Vesturlöndum, sem gerir hinar svonefndu Kirlian-myndir, að því er ég hygg.

P. Gyl.: Þetta er flókið mál . . .

P. Guð.: Það er flókið mál, ég játa það — en það er hvert málið af öðru, sem hefur komið upp á vettvangi vísinda og það eru vissir menn, sem jafnan hafa lagt sig fram um að túlka slík dæmi þannig, að ekki verði byggt á þeim þetta, sem við erum að setja hér í samband við þau.

Guðm. J.: Ég vildi líka benda á það, að kenningar um einhverskonar lífsorku munu hafa komið fram í Þýskalandi fyrir aldamótin.

Ævar: Reichenbach var með þessa Óð-isku orku, sem hann kallaði svo.

P. Gyl.: Það er náttúrlega ekki vel ljóst nákvæmlega hver lífsorkan, sem um er að ræða er. Lífsorkukenningar eru til, allt frá dögum Grikkja. Þær eru til hjá Platóni og Aristóteles báðum,

og svolítið öðruvísi auðvitað en okkar kenningar, því að þeir höfðu aðra hugmynd um orku en við höfum á grundvelli síðari alda eðlisfræði. Og slíkar kenningar voru til og þær eru til, sérstakar kenningar um lífsanda hafa fylgt náttúruvísindum nýaldar allt frá dögum Galileós og Descartes. Descartes trúði á lífsanda, sem hann hélt að hann þyrfti á að halda til þess að skýra starfsemi taugakerfisins. Og þetta hefur heitið ýmsum nöfnum. Hugmyndirnar eru yfirleitt óljósar, Það er erfitt að henda reiður á þeim. Það er erfitt að bera þær saman og sjá hvenær er um að ræða sömu hugmyndirnar hjá tveimur höfundum eða ofboðlítið ólíkar. Og bætir ekki úr skák, að nöfnin eru ólík. Frægur þýskur líffræðingur á síðustu öld, hét Driesch og trúði á það sem hann nefndi Entelechie, Bergson trúði á lífsanda, sem hann kallaði „élan vital“ o. s. frv. Og þetta eru yfirleitt kenningar sem vakna í líffræði af öllu tagi. Þetta er bæði flókið vísindalegt efni, og heimspekilegt. Og það er í sjálfu sér fróðlegt, að allar lífsandakenningar hafa ævinlega, þegar þær hafa verið settar fram í formi prófanlegrar tilgátu, reynzt rangar. Og það var einmitt atriði, sem Páll var að tala um áðan, sem snertir þetta. Þú varst að segja sögu af einhverjum mektarmanni, sem hafði gefið lista yfir það, sem ekki væri hægt að komast að niðurstöðum um. Einn af frægustu lífeðlisfræðingum 19. aldar, Johannes Müller, skrifaði margar ritgerðir til þess að sýna fram á það, á grundvelli hugmynda sinna um lífsanda, sem ég man ekki hvað hann kallaði, að það væri ekki hægt að mæla m. a. hraða taugaboðanna, því að hraði taugaboðanna væri eitt það, sem snerti lífsandann eða lífsorkuna sérstaklega, og væri ómælanlegur með venjulegum aðferðum, sem gengju á hið dauða efni. Svo varð þetta nú heldur frægt, því að þetta var frægasti lífeðlisfræðingur í sínu landi. En nemandi hans, sem var Hermann von Helmholtz, hann óvart gerði mælinguna skömmu eftir að Müller féll frá.

Þessi saga er eitt dæmi þess, að allsstaðar þar sem menn af þessum lífsandaskólum, allt frá dögum Descartes hafa gert prófanlegar tilgátur úr lífsorku- eða lífsandakenningu sinni, þá hafa allar þessar tilgátur brugðizt, hafa beinlínis verið afsannaðar. Nú, hvort menn draga svo þá ályktun af þessu endanlega að þar með séu sterkar líkur til þess að þessir lífsandar og lífsorka eða hvaðeina, sé ekki til, það er önnur saga. Þetta eru að sumu leyti skyldar hugmyndir, lífsorkuhugmynd Helga Pjeturss til dæmis, hugmynd Bergsons eða hugmyndum Driesch, í Þýzkalandi. Ég hugsa til

dæmis, að Helgi Pjeturss hafi sennilega lært sína náttúrufræði í Hafnarháskóla, á kennslubækur eftir Driesch.

P. Guð.: Það held ég geti nú varla verið — það er ekki það mikill mismunur á aldri þeirra. Driesch er ekki það mikið eldri en Helgi, að það getur varla verið.

P. Gyl.: Já, Helgi er náttúrlega afskaplega gamall. Hvenær var hann fæddur?

P. Guð.: Hann er fæddur 1872.

P. Gyl.: Driesch var eitthvað eldri. [F. 1867].

P. Guð.: Eitthvað aðeins eldri. En þeir áttu samleið í þessu að töluverðu leyti, ég vissi það sko — Helgi vitnaði oft í hann í erlendum ritum. Það sem er hér þó að litlu leyti rætt hjá okkur ennþá, það er líf eftir dauðann. Við höfum aðeins vikið að því bara svona til og frá. En þá verðum við náttúrlega að leggja áherzlu á það, að gagnrýni á andatrú, hún hittir okkur alls ekki hérna. Það er síður en svo. Við erum mjög sammála mörgu því, sem þú segir um andatrú eða andahyggju.

P. Gyl.: Helgi Pjeturss mátti náttúrlega eiga það, það er honum til mikils hróss, að hann leit alltaf á andatrú eða spíritisma sem hjátrú.

P. Guð.: Hann taldi það ekki samrýmanlegt vísindalegum skilningi. Aftur á móti taldi hann líforku, og þau fyrirbæri sem henni eru samfara sannanleg. Hann var sem vísindamaður sannfærður um það . . . En það er þessi vitneskja, sem komið hefur fram þráfaldlega gegnum miðla, — og margir hafa tekið mark á — mér finnst gagnrýni þín þarna á þessu, þegar menn segja: „Þetta gat enginn vitað nema hann“, mér finnst hún ekki hitta sérlega í mark, vegna þess að mennirnir sem tala við miðlana, þeir telja sig ekki vera að tala við miðilinn heldur við hinn framliðna. Og sé nú eitthvað, sem kemur fram, sem miðillinn veit ekki, þá fellur þessi rökfræðilega gagnrýni þín um sjálfa sig. — En ég er ekki að tala um það atriði. Þetta eru afarmargar sagnir, bæði með nútímamönnum, og líka Forn-grikkjum til um það, að framliðnir sönnuðu sig í gegnum miðla, eða í draumi með vitneskju sem talið var, að ekki gæti verið öðru vísi til komin. Og þá hefur náttúrlega verið beint mikilli orku að því að benda á atriði, sem virtust vera gegn því, að slík dæmi væru til.

Ef við hinsvegar samþykkjum að slík dæmi séu finnanleg, þá er komin sú stóra spurning: Hvað er eftir af mannum, þegar hann er látinn? Og ályktun okkar hérna er ekki sú, að þeir séu

andar á sveimi í loftinu hérna í kringum okkur eða í óskiljanlegum heimi, eða í fjórðu vídd, eða fimmtu vídd, eða hvar sem menn hafa verið að staðsetja þá, heldur einfaldlega, að lífaflið, sem hefur byggt líkama okkar upp um áratugi, þegar það sleppir tókunum hér, þá haldi það áfram á annarri jörð, vegna sérstakra skilyrða, sem þar séu fyrir hendi. Út frá þessu teljum við, að framlífið sé rannsakanlegt, ef á annað borð væri tekið hendinni til við það, eins og hvert annað fyrirbæri. Eitt aðalatriðið hjá okkur er: við mælum með rannsókn á þessu, ekki á grundvelli andatrúar, heldur á grundvelli líforku og sambands milli líkama. Ég vona að við tölum um þetta svona nokkrar mínútur áður en við hættum.

Páll: Já, mig langar aðeins til að koma að þessu, ja, við skulum segja fyrst spurningunni um líforkuna. Hún er náttúrulega engangveginn ný. Helgi Þjeturss er ekki neitt fyrstur með þá kenningu að það sé um að ræða sérstaka líforku. Hinsvegar er það í þessu, að mér er það nú svolítið kunnugt, að við skulum segja kenningum um sérstöðu lífsins í efnisheiminum. Það er töluvert mikið atriði í sambandi við alla lífræna efnafræði einfaldlega, áður en voru fundnar nógu góðar aðferðir til þess að það væri hægt að finna nokkuð út úr þessari lífrænu efnafræði, hvað lífrænt efni er, og það er náttúrulega ekki nálægt því, að efnafræðingar séu ennþá búnir að ná fullum tókum á að skilja lífræn og líffræðileg efnaferli til fulls, eins og er í mörgum öðrum vísindagreinum. En það er búið að hrekja það til fulls, að lífrænt efni sé byggt upp úr einhverjum öðrum atómum — efnafræðilegar reglur gilda í því efni í öllum aðalatriðum. En þá er eftir sú spurning, hvort ekki sé samt einhver grundvallarorka, sem fylgir lífinu, þó að hægt sé í öllum aðalatriðum að skýra öll lífræn efnasambönd eftir efnafræðilegum aðferðum, þá erum við á engan hátt búnir að afsanna það, að þarna geti verið um að ræða einhverja líforku, sem þarna geti verið um að ræða einhverja líforku, sem þarna þurfi að koma til aðstoðar, eða þarna þurfi líka að koma til skjalanna til þess að þessir hlutir geti átt sér stað. Ég held að þar megum við ekki vera of fljót á okkur. Og þar er einfaldlega þetta, — ef við komum að þessari spurningu um framlífið, þá er það hlutur sem Helgi Þjeturss taldi sig alveg verða að ganga út frá, að það gæti engin hugsunarstarfsemi átt sér stað, án þess að þar komi til efnislíkami. Hann var efnishyggjumaður og þar með taldi hann sig verða að afneita allri andahyggju. Ég held einmitt, að öll þessi andahyggja, sem má segja veður uppi, ef má orða það þannig, að hún hafi

spillt fyrir kenningum Helga Pjeturss af því að rannsóknir og athuganir Helga Pjeturss fást við samskonar efni og alls konar dulhyggja fæst við, að þá hafi það orðið til að spilla fyrir því að vísindamenn og heimspekingar tækju eiginlega Helga alvarlega í sínum athugunum. Þessu hefur verið hafnað á sama grundvelli og andatrú og dulhyggju, án þess að málin hafi í raun og veru verið athuguð.

P. Gyl.: Ódauðleiki sálarinnar er feikilega flókið heimspekilegt viðfangsefni, og margar hliðar á því máli. Og auðvitað geymir heimspekisagan á Vesturlöndum — eins og auðvitað trúarbragðasaga mannkynsins — margar fleiri ódauðleikahugmyndir en persónulega ódauðleikahugmynd andatrúarinnar. Ein er hugmynd kirkjunnar, sem er að vísu persónuleg ódauðleikahugmynd, hugmynd Páls postula, hugmyndin um upprisu holdsins. Páll postuli er að þessu leyti efnishyggjumaður. Það sem hann trúir á er það sem nafni minn var að lýsa áðan: einn góðan veðurdag birtist teikn á himni, og lúður hljómar. „Postulinn Páll segir að lúður muni gjalla á dómsdegi“, segir Voltaire — ég held óskaplega mikið upp á þessar setningar: „Lúðrarnir hljóta að verða margir, því jafnvel þrumur heyrast ekki ýkjalangt að“, segir hann. „Hvað skyldu nú lúðrarnir verða margir? Guðfræðingar eru ekki búnir að reikna það út“, segir hann. „En þeir eiga það eftir!“

P. Guð.: Já, en það var eitt atriði enn í þinni ræðu, sem við höfum lesið hérna, sem ég tók sérstaklega eftir. Þú varst að telja upp ýmsar andatrúarhugmyndir, um það sem væri í öðrum heimi — og þar á meðal nefndirðu vitsmunaverur á öðrum hnöttum. Hefurðu virkilega hugsað þér vitsmunaverur á öðrum hnöttum fyrst og fremst sem andlegar? Andlegar?

P. Gyl.: Nei, ég man ekki eftir þessu. Þetta var eitthvað út af Däniken, var það ekki?

P. Guð.: Nei, ég held það nú ekki.

— — —
P. Guð.: Ég ætlaði nú ekki að fara að herma neitt upp á þig, en ég ætla samt að lesa þessar línur þínar:

„Sú trú er til á okkar dögum, að auk þess sem í alheiminum séu gífurleg ósköp af efni sem vísindin lýsa, þá sé þar líka mikið af annars konar efni, sem engin mælitæki sérfræðinga hafi náð til svo að vel sé: Oft má nefna dæmi: kannski ljósvakann, fljúgandi diska, tvífaralíkama, guði í geimförum, áður eða vitsmunaverur á öðrum hnöttum“.

Nú eru vitsmunaverur á öðrum hnöttum alveg greinilegt hugtak. Og finnst þér réttmætt, að telja það upp í þessu samhengi?

P. Gyl.: Nei, þetta er alveg hárrétt hjá þér, það á ekki þarna heima, vegna þess að um þetta vitum við náttúrlega ekkert. Þetta er yfirsjón. Það á alls ekki heima í þessari upptalningu.

P. Guð.: Jæja, við gætum nú víst lengi haldið áfram að ræða þessi mál. En ég vil segja það, að okkur þykir það mjög glöggvandi að hafa fengið þig til að tala yfir okkur hérna, og við þekkjum betur afstöðu þína. Ég er ekki að segja að við höfum fallizt á margt, en það er alltaf glöggvandi að heyra það sem sett er fram af mikilli þekkingu og kunnugleika á mörgum hlutum. Það víkkar sjóndeildarhring okkar og við erum þakklát fyrir það. En við munum eftir sem áður stuðla að því að fyrirburðafræði verði rækt — hvernig sem við nú megum koma því til leiðar — og þá fyrst og fremst að þetta verk, sem doktor Helgi Pjeturss skildi eftir sig verði tekið til *verðugrar* athugunar, bæði á þeim vettvangi og öðrum. Því enginn mun neita því, að sjaldan hafi íslenzka verið betur skrifuð en af þeim manni. Svo þakka ég Þorsteini Gylfasyni kærlega fyrir að hafa gert það okkur að kostnaðarlausu að koma hingað að flytja þetta erindi.

P. Gyl.: Ég þakka líka kærlega fyrir mig.

Sambandsfundir

Tilraunafundir í Hornafirði 1928—'29

Nokkur brot úr sambandstilraunagerðabók við aðrar stjórnur, sem gerðar voru og skráðar á Brekkubæ veturinn 1928—1929.

1. tilraun 24. nóv. Viðstaddir voru 4.

Tilraunin hófst við borð, sem hreyfðist strax og af höggunum gaf það til kynna að óskað væri eftir sambandi á annan hátt og stöðvaðist fljótlega. Hlýddi ekki þó spurt væri, nema þegar tekið var í hljóðfæri, sem var orgel, þá hreyfðist það eftir takti. Var þessu þá breytt og tilraun gerð með glasi. Pappír með stafrófi var lagður á borð. Hendur voru lagðar yfir glasið, fór það þá strax milli stafanna eftir þörfum og var þetta sem á eftir fer stafað með því.

„Ég hætti áðan vegna þess að ég gat ekki fullnægt spurningum ykkar. Betur að ykkur liði eins vel og mér. Á þeirri jörð sem ég bý, skína þrjár sólar. Ein er blá og tvær hvítar. Þegar einhver er þjáður á lægri stöðum en við búum, þá hugsum við öll vel til hans og einmitt er svo ástatt nú. Þessvegna verð ég að slíta sambandi við ykkur, enda verður einn af ykkur að fara af tilrauninni í kvöld. Góða nótt.“

2. tilraun sama kvöld.

„Ég er sá sami og áðan. Ég vil að þið hættið þessu. Skal mæta annað kvöld. Þá fara að koma frásagnir um áriðandi efni. Verið sæl.“

Næsta kvöld varð ekki af tilraun. En þá barst okkur sálræna myndin af Haraldi Níelssyni.

Viðstödd öll hin sömu og áður.

„Ég sé úr himnanna hæðum litla kalda hnöttinn ykkar, sem einn af billjónum hinna blikandi hnatta. — Þið eruð ekki forvitin

að hafa ekki spurt mig að nafni. Ég heiti Snorri sagnaritari Sturluson og það er einmitt ek sem þessa síðustu daga hefi verið að tala við ykkur.“ Var rangt af okkur að spyrja þig ekki eftir heiti? „Ónei. Ég vil gjarnan tala oft við ykkur. Góða nótt.“

4. tilraun 28. nóv.

„Komið þið sæl. Í kvöld hefi ég beðið eftir ykkur og nú er tíminn naumur.“ Hvenær eigum við að byrja? „Klukkan 8. Enda þurfið þið að vera vel fyrirkölluð, því sambandið er nógu erfitt.“ Geturðu sagt okkur, hvernig lífið á ykkar jörð er í aðaldráttum? „Hér líður enginn sársauka. Góða nótt.“

Í lok 5. tilraunar sagði stjórnandinn: „Næsta kvöld get ég ekki talað við ykkur.“

Í 6. tilraun var spurt. Hvort tekst að bæta líf jarðar vorrar? „Enn nokkur tími þar til“ var svarið.

Í 7. tilraun kom til orða hvort ættingjar og vinir myndu ekki búa saman þegar yfir um kemur? Svar: Þegar náinn ættingi er farinn af þessari jörð og annar kemur á eftir, þá getur sá sem lengra er kominn upphafið hinn eins og höfðingjum hér á jörð tekst á stundum að hjálpa þeim sem liðsinna þarf.“ Hverja kallar þú höfðingja hér á jörð? „Helga doktor Pjeturss og Darwin.“ Hvernig reiðir þeirri kenningu af? „Fer vaxandi. Hægt samt.“ Hvað verður langt til aldaskipta? „Hundrað ár.“ Verður svertingjum það þá ljóst? „Sumum.“ Verður nokkuð úr styrjöld? „Góða nótt.“

8. tilraun.

„Komið sæl.“ — Ég byrja aftur sem fyrr var frá horfið, segir Bjarni. Er styrjöld í vændum? „Já. Stærri en 1914.“ Bjarni: Hvort verður sú styrjöld milli Evrópuþjóðanna innbyrðis eða kynþáttastríð? „Innbyrðis.“ Verður það ekki hnekkir fyrir Ísland? „Nei, fjárhagslegur hagnaður.“ Hvenær byrjar sú styrjöld? „Sennilega um 1937.“ Verða styrjaldir eftir það? „Já, í fjarlægari heimsálfum.“ Verður ekki nein leið að afstýra þessu? „Ekki úr því báli sem nú er.“ Tefur þetta ekki fyrir allri heilbrigðri vísindastarfsemi? „Að vísu erfiðara, en allt djöfullegt er til falls.“ — Á hvað á maður að leggja mesta áherslu í þessu lífi? Sannleikann og hinn rétta sigur, lífssigurinn.

Fáum dögum eftir þessa tilraun reyndum við að ná sambandi tvisvar sem gekk erfiðlega vegna þess að maður sá sem með

okkur hafði verið í þessum tilraunum okkar gat ekki komið. Hann hafði sálræna hæfileika. Í seinna skiptið sagði Snorri okkur, að við skyldum bíða þar til maður sá kæmi, þá myndi ganga betur að koma því fram sem ákveðið væri.

9. tilraun, 18. janúar.

„Komið þið sæl. Ég er Gissur jarl. Verið velkomin til tals og sambands. Til hæða lyftir hugur sér, svo segi ég um ykkur. — Mikinn áhuga hefi ég á því að koma þessu máli mínu í gegn. Á Sturlungaöldinni voru blóðug stríð og það sem verst var mikið mér að kenna. Af því hef ég átt erfiða uppreisnarvon, en fyrir tilstilli fjarlæggra vina hefi ég mikið fullkomnast. — En svo átakanleg sem Sturlungaöldin var, þá lítur út fyrir átakanlegri morðbráðlega. Þjóðirnar hervæðast hver í kapp við aðra, sáttafundir eru haldnir, bara til málamynda, en þær eru svo spilltar og óeinngin svo mikil að til hins stefnir. Þetta viljum við koma í veg fyrir á allan máta. Bezt með beinum samböndum. Get ekki meira svo vel sé í kvöld. Reynið á mánudag kl. 7 að kvöldi. Þá skal allt gert sem hægt er. Búið ykkur sem best undir þá stund. Sæl.

10. tilraun 19. jan.

„Sæl. Snorri. Þið eigið að bíða til mánudags. Við stöndum margir að þessu, sem þá á að koma. Góða nótt.“

11. tilraun. Mánudaginn 21. jan.

Viðstödd öll þau sömu og í 9. tilraun.

Tilraunin hófst með því að sungið var í einsöng lagið, „Friðarins guð, hin hæsta hugsjón mín“, eftir Árna Thorst. „Sæl. Gissur. Þetta verður stutt stund. Bráðum geysar meðal ykkar enn stærra stríð en það síðasta, ef öflugar skordur verða ei við reistar. Það mun verða 1939. — Þjóðverjar munu verða einna verstir viður eignar til sátta. En slíkt má ekki ske. — Kæru Íslendingar og Ísland. — Bendið umheiminum á þetta með hógværd. Rit. dr. Helga Pjeturss best fallin þar til, því þessu má afstýra. Það má verða til bóta. Góða nótt.“

Bjarni Bjarnason, Brekkubæ.

Fimmtíu árum síðar.

Þessar sambandstilraunir Bjarna Bjarnasonar og annarra Hornfirðinga frá árunum 1928—'29 eru meðal hins allra athyglisverðasta sem ég hef lesið um af því tagi. Ég hef einhverntíma séð því haldið fram um spár og berdreymi, að algengast sé að slíkt komi fram þegar um einfalda og hversdagslega atburði er að ræða. En hér er spáð um stórviðburði.

Það er nauðsynlegt að muna eftir því um leið og þetta er lesið, að þátttakendur höfðu framvinduskilning Nýals að leiðarljósi, en ekki forlagatrú. En til þeirrar yfirsýnar mætti rekja, að þarna tókst að koma fram svona nákvæmri fyrirsögn um atburði, sem voru 10—15 ár framundan, þegar tilraunirnar voru gerðar.

Það sem mér finnst þó allra mest umvert í þessu sambandi, er þó hitt að það sýnir sig þarna alveg ótvírætt, að hin *norræna forsjón* var sú sem lengst sá fram og bezt varaði við hættunni. Snorri Sturluson og tengdasonur hans (um tíma) Gissur, gera þarna tilraun, sem lengi skal verða í minnum höfð.

Þess ber sérstaklega að gæta, að tilraunin er gerð á einum kyrrasta tíma millistríðsáranna, það er *áður* en heimskreppan hefst og *áður* en flokkur Hitlers fór að eflast. Á þessu kyrra bili er það sem hin norræna forsjón sér hvert stefnir og *reynir að bjarga*. Hróður hinnar norrænu forsjónar á að vaxa og máttur hennar að eflast.

P. G.

BÆKUR OG TÍMARIT

DRAUMAR OG SVEFN, eftir Þorstein Jónsson á Úlfsstöðum.
84 síður. Verð kr. 1200.

TIL PÍN. Ljóðabók eftir Þorstein Jónsson, 136 s. Verð kr. 3000.

GUÐIRNIR Á SÍRÍUSI. Vitranasaga eftir K. O. Schmidt.
Verð kr. 2000.

LÍF ER Á ÖÐRUM STJÖRNUM, eftir Þorstein Guðjónsson.
Verð kr. 700.

ASTROBIOLOGY, e. Þorstein Guðjónsson. 208 s. Verð kr. 3000.
Til sölu er einnig:

LEBENSMEISTERUNG DURCH PSYCHODYNAMIK — bók
um það að ná tókum á lífsafli sínu, sjálfum sér og öðrum til fram-
fara. Bókin er á þýzku máli, og er eftir A. R. Walther, arftaka
K. O. Schmidts, sem heldur áfram verki hans að honum látnum.
Frá forlagi AT í Sviss. Verð 27.00 svissneskir frankar, sem um-
reiknast í krónur á söludegi.

NEUES DENKEN, tímarit, sem er tengiliður hreyfingar um málefni
K. O. Schmidts í Þýzkalandi og víðar. Ársáskrift DM 24.00.
Ritstjóri A. R. Walther.

Pöntunum um ofanskráð rit veitt viðtaka í s. 41006 eða í *Pósthólf*
722, *Reykjavík*.

LÍFGEISLAÚTGÁFAN

Lífgeislar

Útgefandi: FÉLAG NÝALSSINNA
Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765, Pósthólf 1159, Reykjavík
Ritstjóri: INGVAR AGNARSSON

EFNISYFIRLIT:

ERINDI OG GREINAR:

Norður-Ameríkubokan (Sjá forsíðumynd) I. A.	Bls.	38
Raunverulegir svipir Þ. J.	—	39
Lífsegulmagn og fleira Þ. G.	—	48
Til góðs vinar liggja gagnvegir ... H. P.	—	49
Nýalsmál B. Bj.	—	51
Eru skáldsýnir einskonar draumsamband? S. S.	—	52
Hugljómun — Dhammapada I. A.	—	55
Fyrirlestrar og umræður Þ. G.	—	57

LJÓÐ:

Úr Grímnismálum (Um bústaði Ása)	—	60
---------------------------------------	---	----

UM FYRIRBURÐAFRÆÐI:

Síðari hluta erindis Þ. Gylfasonar og umræður	—	61
--	---	----

SAMBANDSFUNDIR:

Tilraunafundir í Hornafirði 1928—1929 B. B.	—	67
Fimmtú árum síðar Þ. G.	—	70
Til lesenda	—	59
Leiðréttingar	—	59
Auglýsing um bækur og tímarit	—	71